

## Kaup Kaupfélags Skagfirðinga svf. á M-veitingum ehf.

### I. Málsmeðferð

1. Þann 11. desember 2020 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um samruna Kaupfélags Skagfirðinga svf. (hér eftir „KS“) og M-veitinga ehf. Með bréfinu fylgdi jafnframt svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008.
2. Hinn 5. janúar 2021 veittu samrunaaðilar frekari upplýsingar um helstu birgja M-veitinga.
3. Við athugun á máli þessu hefur, auk upplýsinga sem stafa frá samrunaaðilum, verið horft til gagna og upplýsinga sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað í rannsóknum á öðrum nýlegum samrunamálum, m.a. á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði, sbr. ákvörðun nr. 4/2020.

### II. Samruninn

#### 1. Samrunaaðilar

4. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt eða í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.
5. Í samrunaskrá kemur fram að þann 31. október 2020 hafi KS og hluthafar M-veitinga undirritað samning um kaup KS á öllu hlutafé í M-veitingum. Kaupin séu hluti af uppgjöri skulda Álfasögu ehf., systurfélags M-veitinga, og Guma ehf. gagnvart KS og dótturfélögum þess.
6. Fram kemur að starfsemi KS sé tengd sjávarútvegi, vinnslu kjöt- og mjólkurafurða, fóðurframleiðsla, verslunarrekstur, rekstur bíla- og vélaverkstæðis, ásamt vöruflutningum. Félagið er í eigu félagsmanna.
7. Samkvæmt samrunaskrá hefur KS m.a. bein eða óbein yferráð í eftirtöldum félögum:

Esja gæðafæði ehf.	100%
--------------------	------



FISK Seafood ehf.	100%
Fóðurblandan ehf.	53,71%
Vörumiðlun ehf.	100%
Tengill ehf.	100%
Esja gæðafæði ehf.	100%
Fóðurfélagið ehf.	100%
Nýprent ehf.	100%
Trésmiðjan Borg ehf.	100%
Sláturhús Hellu hf.	68%
Vogabær ehf.	100%
Íslenskar sjávarafurðir ehf.	100%
Protis ehf.	100%
Iceprotein ehf.	100%
KS-IcePro ehf.	100%
IceCorpo Iceland ehf.	50%
Norðlensk Orka ehf.	92,9%
Brennigerði ehf.	100%
Háaborg fjárfestingar ehf.	77%
Möðrufell ehf.	50%
Feykir ehf.	100%
Sláturhús KVH ehf.	50%
Steinull ehf.	50%

8. Fram kemur í samrunaskrá að starfsemi M-veitinga sé fólgin í rekstri veitingastaða, nánar tiltekið skyndibitastaða. Félagið reki tvo veitingastaði, annan í Reykjavík en hinn í Kópavogi, undir vörumerkinu Metro. Félagið hafi hvorki bein né óbein yfirráð í öðrum félögum. M-veitingar sé að fullu í eigu Guma ehf. Gumi eigi jafnframt allt hlutfé í Álfasögu ehf., sem aftur eigi allt hlutfé í Einn tveir og elda ehf.



## 2. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

9. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
10. Við skilgreiningu markaða í samrunamálum er m.a. unnt að hafa hliðsjón af fordæmum í innlendri lagaframkvæmd og í EES/ESB-samkeppnisrétti, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012, *Stjórnugrís hf. og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hins vegar verður ávallt að meta hvort aðstæður á markaði séu hinar sömu og í eldra máli.<sup>1</sup> Þá liggur fyrir í samkeppnisrétti að, eðli málsins samkvæmt, geta markaðsskilgreiningar í eldri málum ekki skapað fyrirtækjum lögmætar væntingar.<sup>2</sup>
11. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt að M-veitingar starfi á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði, sbr. m.a. ákvörðun eftirlitsins í máli nr. 4/2020. Félagið reki tvo skyndibitastaði á höfuðborgarsvæðinu undir vörumerkinu Metro. Staðirnir leggi áherslu á sölu hamborgara og tilheyrandi meðlætis. Velta M-veitinga árið 2019 hafi numið rúmlega 400 milljónum króna. Heildarvelta allra veitinga- og skyndibitastaða á Íslandi sem skráðir séu í atvinnugreinaflokk ÍSAT nr. 561 hafi numið um 80-90 milljörðum króna árið 2018, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 4/2020. Sé eingöngu litið til aðila sem höfðu að lágmarki 200 milljóna króna veltu árið 2018 og störfuðu á höfuðborgarsvæðinu sé heildarveltan 40-45 milljarðar króna. Markaðshlutdeild M-veitinga sé því óveruleg, sama hvaða mælikvarði sé notaður.
12. Fram kemur í samrunaskrá að KS starfi á fjölmörgum ólíkum mörkuðum. Þannig starfi félagið m.a. á markaði fyrir fóður, áburð og rekstrarvörur til landbúnaðar, sölu bygginga- og rekstrarvöru, sölu dagvöru, mjólkurvinnslu, slátrun og kjötvinnslu, framleiðslu sósa og ídýfa,

<sup>1</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar ESB frá 22. mars 2000 í sameinuðum málum nr. T-125/97 og T-127/97, *The Coca Cola Company gegn framkvæmdastjórninni*, mgr. 81-82: „... a finding of a dominant position by the Commission, even if likely in practice to influence the policy and future commercial strategy of the undertaking concerned, does not have binding legal effects as referred to in the IBM judgment. Such a finding is the outcome of an analysis of the structure of the market and of competition prevailing at the time the Commission adopts each decision. The conduct which the undertaking held to be in a dominant position subsequently comes to adopt in order to prevent a possible infringement of Article 86 of the Treaty is thus shaped by the parameters which reflect the conditions of competition on the market at a given time.

Moreover, in the course of any decision applying Article 86 of the Treaty, the Commission must define the relevant market again and make a fresh analysis of the conditions of competition which will not necessarily be based on the same considerations as those underlying the previous finding of a dominant position.“

<sup>2</sup> Sjá t.d. dóm undirréttar ESB frá 7. maí 2009 í máli nr. T-151/05, *NVV gegn framkvæmdastjórninni*, mgr. 136: „It should first be recalled that, according to case-law, although the Commission must give an account of its reasoning if a decision goes appreciably further than the previous decision-making practice (Case 73/74 *Groupement des fabricants de papiers peints de Belgique and Others v Commission* [1975] ECR 1491, paragraph 31), economic operators have no grounds for a legitimate expectation that a previous decision-making practice, that is capable of being varied when the Community institutions exercise their discretion, will be maintained (see *General Electric v Commission*, paragraph 53 above, paragraph 512, and the case-law cited therein). In particular, the applicants cannot have entertained such a legitimate expectation on the ground that the Commission had defined markets in a particular way in a previous decision, since the Commission – and, a fortiori, the Court – is not bound by the findings made in such a decision (see, to that effect, *General Electric v Commission*, paragraph 53 above, paragraph 514).“



markaði fyrir bifreiðaviðgerðir, vélaviðgerðir og vöruflutninga innanlands, markaði fyrir prentþjónustu og innréttingasmíði.

13. Í ljósi niðurstöðu þessa máls telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að fjalla nánar um skilgreiningar á vöru- og landfræðilegum mörkuðum málsins.

### III. Niðurstaða

14. Í máli þessu er samruni KS og M-veitinga til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Taka þarf til skoðunar hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga nr. 44/2005.
15. Samrunaaðilar telja að samruninn muni hvorki raska samkeppni né hafa skaðleg áhrif á neytendur. Markaðsráðandi staða verði hvorki til né styrkist á skilgreindum mörkuðum málsins við samrunann. Þá telja samrunaaðilar að samruninn verði ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Því telja samrunaaðilar að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til íhlutunar í samrunann.
16. Fram hefur komið að samrunaaðilar starfa á ólíkum mörkuðum. M-veitingar reka tvo veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu en KS rekur hvorki veitingastaði né aðra starfsemi sem talist getur í samkeppni við M-veitingar. Hlutdeild M-veitinga á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði er óveruleg, auk þess sem framboðs- og eftirspurnarstaðganga virðist nokkur á markaðnum, sbr. m.a. umfjöllun í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2020. Samrunaaðilar hafa auk þess upplýst samrunanum sé ekki ætlað að styrkja samkeppnisstöðu samrunaaðila sérstaklega heldur sé honum aðallega ætlað að leysa eigendur M-veitinga undan skuldum við KS.
17. Við rannsókn málsins veittu samrunaaðilar nánari upplýsingar um helstu birgja M-veitinga. Að fengnum sjónarmiðum samrunaaðila verður ekki séð að samruninn muni hafa skaðleg lóðrétt áhrif á samkeppni.
18. Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til íhlutunar vegna samrunans. Þannig leiði samruninn hvorki til þess að markaðsráðandi staða styrkist né myndist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

### IV. Ákvörðunarorð:

**„Samningur, dags. 31. október 2020, um samruna Kaupfélags Skagfirðinga svf. og M-veitinga ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson